

Formannafundur Gígjunnar,
13.mai 2017 kl: 12:00-12:45 á landsmóti íslenskra kvennakóra á
Ísafirði.

Fundinn sátu:

Bryndís Bjarnason formaður Gígjunnar
Kolbrún Halldórsdóttir varaformaður
Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri
Una Þórey Sigurðardóttir ritari
Fulltrúar þátttökukóra og gestgjafa á landsmóti.

Fundarefni: Umræður um innra starf kvennakóra.

1. Bryndís formaður setur fundinn og útskýrir efni fundarins.
2. Formenn og fulltrúar þátttöku kóra kynna sína kóra og segja stuttlega frá innra starfi, svo sem fjáröflunum og skemmtunum. Rekstur kóranna og fjáraflanir er af ýmsum toga en söngurinn og samveran alltaf í fyrirrúmi. Tími fundarins var naumur en þó náðu fundarkonur að eiga skemmtilega og ekki síst fróðlega stund saman. Það er greinilegt að íslenskir kvennakórar blómstra, ekki bara í söng heldur almennri gleði og hugmyndaauðgi.
3. Í lok fundarins var upplýst að Kvennakór Reykjavíkur héldi næsta landsmót íslenskra kvennakóra í Reykjavík árið 2020. Þeim tíðindum var tekið með lófaklappi.

Að lokum þakkaði Bryndís fundargestum fyrir góða fundarsetu.

Fundi slitið kl:12:45.

Fundargerð ritaði Una Þórey Sigurðardóttir